



Í Ásgarði

- er ekkert umburðalyndi fyrir samskiptavandamálum, líkamlegu, andlegu eða hvers kyns ofbeldi á milli nemenda - eða á milli starfsfólks og nemenda hvort sem það fari fram á skólatíma eða á samfélagsmiðlum (eða hvaða netmiðli sem er, í mynd, í hljóði eða hvaða formi sem er) á starfstíma skólans eða utan hefðbundins skólatíma.
- Starfsfólk skólans lætur enga áreitni eða óæskilega hegðun sér óviðkomandi.
- Stefna skólans er að aldrei þurfi að virkja eftirfarandi viðbragðsáætlun.

Í Ásgarði gera allir **alltaf sitt besta**. Við sýnum hvert öðru **virðingu** og látum til okkar taka við að gera **umhverfi okkar og heiminn allan betri**.

- Nemendur sem lenda í vandræðum með samskipti þurfa að fá tækifæri til að efla samskiptahæfni sína - þeir verða smám saman betri í samskiptum. Í Ásgarði veitum við því athygli þegar nemendur leggja sig fram og sýna framfarir.

Viðbrögð

Alltaf skal bregðast samdægurs við tilkynningu eða vísbendingum um hvers konar samskiptavanda, líkamlegu eða andlegu ofbeldi (þar á meðal einelti) og vinna eftir viðbragðsáætlun skólans. Þessari vinnu á að vera lokið innan viku. Ábyrgðaraðili verður að merkja inn á dagatalið sitt og gera a.m.k annan starfsmann meðvitaðan um hvað gerðist og hvenær áætlað er að fylgja málum eftir. Þannig tryggjum við í Ásgarði að ekkert mál falli niður vegna gleymsku, veikinda eða óheppilegrar atburðarásar.

Ef grunur vaknar um samskiptavanda, líkamlegt eða andlegt ofbeldi/einelti nemendada skal eftirfarandi ferli fylgt:

Rannsókn meðal nemenda og starfsfólks.

1. Byrjað er að kanna málið hjá starfsfólki og skólafélögum öðrum en meintum geranda og meintum þolanda.
2. Vinnuferli í máli meints þolanda.
 - a. Rætt við meintan þolanda. Skrá skal nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.
 - b. Foreldrar meints þolanda eru upplýstir um gang mála.
3. Vinnuferli í máli meints geranda.
 - a. Rætt við meintan geranda.
 - b. Foreldrar meints geranda eru látnir vita um málið.



Ef samskiptavandi, líkamlegt eða andlegt ofbeldi/einelti er staðfest fer eftirfarandi vinna í gang.

1. Polandi – Einstaklingsviðtöl við þolanda/polendur þar sem þeir fá stuðning og tryggt er að þeir láti vita ef eineltið heldur áfram.
 - a. Foreldrar og þolandi – Viðtal við foreldra þolanda. Skrá skal nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.
2. Gerandi – Einstaklingsviðtal. Skrá skal nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.
 - a. Foreldrar og gerandi – Teymisstjóri og skólastjóri funda með foreldrum og geranda. Fundargerð er skráð og undirrituð af öllum fundarmönnum.
3. Unnið með nemendum. Í framhaldinu eru m.a. haldnir teymisfundir í viðkomandi teymum um framkomu, samskipti og einelti. Gerðar eru tengslakannanir innan teymis og m.a. unnið markvisst að bættum samskiptum út frá niðurstöðum hennar.

Eftirfylgni, ekki seinna en viku frá síðustu viðtölum.

Teymisstjóri sér um eftirfylgni mála og verður áfram í reglulegu sambandi við foreldra viðkomandi og skráir niður hvernig gengur.

- Foreldrar þolanda eru látnir vita um gang mála.
- Foreldrar geranda eru látnir vita um gang mála.
- Geranda og þolanda er veittur skipulagður stuðningur í a.m.k. sex mánuði.

Fagráð vegna eineltismála í grunnskólum

Mennta- og menningarmálaráðherra staðfesti þann 10. mars 2012 verklagsreglur um starfsemi fagráðs eineltismála í samræmi við [reglugerð nr. 1040/2011](#) um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum. Endurskoðaðar [verklagsreglur](#) voru síðan staðfestar af ráðherra 17. maí 2016.

Foreldrar og aðrir aðilar skólasamfélagsins, svo sem nemendur, starfsfólk og stjórnendur skóla, auk annarra sem starfa með börnum í skóla,- frístunda- eða tómsundastarfi, geta óskað eftir aðkomu fagráðs ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn, innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir aðkomu starfsfólks skóla og sérfræðipjónustu sveitarfélaga. Sömu aðilar geta jafnframt vísað máli til fagráðs vegna meints aðgerðaleysis skóla eða sveitarfélags.

Fagráðið hefur einkum tvíþætt hlutverk við meðferð mála sem því berast. Í fyrsta lagi verður fagráðið stuðningsaðili við skólasamfélagið, sem meðal annars getur falist í almennri ráðgjöf, leiðbeiningum eða upplýsingagjöf. Í öðru lagi skal ráðið leitast við að ná

Stefna, viðbrögð og vinnuferli starfsfólks skóla við samskiptavanda, líkamlegu og andlegu ofbeldi/einelti nemenda. Byggt á handbók um öryggi og velferð MMS; janúar 2020.



fullnægjandi úrlausn í eineltismálum, sé þess nokkur kostur, og gefa út ráðgefandi álit í máli á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga er ráðinu berast í tilteknu máli.

Nánari upplýsingar á vefnum <https://mms.is/fagrad-eineltismala>.



Skráningarblaði v. líkamlegs og/eða andlegs ofbeldis/eineltis

Berist til teymisstjóra nemanda.

Sá sem tilkynnir: _____ dags: _____

Tengsl við þolanda: _____

Teymistjóri: _____

Starfsmaður sem tók þátt í úrvinnslu og settur inn í málið: _____

Tilkynning berst dags: _____

Nemendur sem um ræðir:

Meintur þolandi:

Nafn: _____

Teymi: _____

Meintur gerandi/gerendur:

Nafn: _____

Teymi: _____

Nafn: _____

Teymi: _____

Hvers vegna leikur grunur á ofbeldi/einelti? _____

Lýsing á aðstæðum (hvenær ofbeldi/einelti átti sér stað, í hverju var það fólgið, hversu oft?):

Hve lengi hefur ofbeldi/einelti staðið yfir?

Annað sem þarf að taka fram: _____

- Hafa lykil dagsetningar við eftirfylgni verið skráðar í dagatal þess sem skráir og hefur annar starfsmaður verið settur inn í málið?

ÁVALLT SKAL GÆTA FYLLSTA TRÚNAÐAR VIÐ MEÐFERÐ MÁLA



Tillaga að skráningu á úrvinnslu máls

Nafn þess sem tók að sér umsjón málsins: _____

Dagsetning: _____

Hvað var gert í málinu?

Málalok:

- Skrá í dagatal fundartíma sex mánuðum eftir að máli lýkur til að ræða aftur við þolanda og geranda. Upplýsa foreldra. A.m.k tveir starfsmenn þurfa að vera skráðir á umræddan fund.

ÁVALLT SKAL GÆTA FYLLSTA TRÚNAÐAR VIÐ MEÐFERÐ MÁLA